



Borgarráð

### ***Bryggjuhverfi - lóðarvilyrði***

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Bjargi hses (sjálfseignastofnun) kt. 490916-0670, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétti á um 94 íbúðum á reit B í Bryggjuhverfi. (Sjá meðfylgjandi deiliskipulagsskilmála) Lóðarvilyrði þetta verður bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Að deiliskipulag um lóðina fáiast samþykkt.
2. Að Reykjavíkurborg og Íbúðalánasjóður samþykki að veita félaginu stofnframlag á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglugerðar 555/2016 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfseignarstofnanir og almennar íbúðir, auk reglna Íbúðalánasjóðs og Reykjavíkurborgar um stofnframlög.
3. Að umræddur fjöldi íbúða rúmist innan stakstæðra bygginga samkvæmt deiliskipulagi svæðisins.

*Greinargerð:* Deiliskipulagsáætlun vegna nýs hverfis í Bryggjuhverfi er nú í loka samþykktarferli. Lóðarvilyrði þetta gerir ráð fyrir að Bjarg fái byggingarrétt fyrir 94 íbúðir. Gert er ráð fyrir að Félagsbústaðir og almenn leigufélög skipti með sér hluta íbúðanna sem nánar verður ákveðið í úthlutunarbréfi um byggingarréttinn. Áður hefur Bjargi hses verið veitt vilyrði fyrir 30 íbúðum á reit A í Bryggjuhverfi. Vilyrðið var samþykkt af borgarráði þann 12. október 2017. Einnig hefur verið gefið út vilyrði til Búseta húsnæðissamvinnufélags, fyrir byggingarrétti á um 35 íbúðum með 15% vikmörkum á B reit. Vilyrðið var samþykkt í borgarráði þann 12. október 2017.


Með lögum 52/2016 um almennar íbúðir var ákveðið að sveitarfélög og ríki gætu komið að fjármögnun íbúða á leigumarkaði með framlögum til sjálfseignastofnana eða lögaðila sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Bjarg er slík sjálfseignarstofnun. Lóðarvilyrði þetta byggir á viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Alþýðusambands Íslands dags. 12. mars 2016. Í henni kemur fram að Reykjavíkurborg geri það að skilyrði fyrir veitingu stofnframlags vegna kaupa eða bygginga á leiguíbúðum að Félagsbústaðir Reykjavíkurborgar eigi kauprétt að 10-20% íbúða sem stofnframlag nær til skv. sérstöku samkomulagi sem gert er um hvert verkefni.

Við veitingu stofnframlags er framlag ríkisins 18% en framlag sveitarfélaga er 12% af heildar kaupverði eða byggingakostnaði íbúða. Íbúðalánasjóður annast samþykki fyrir veitingu stofnframlags f.h. ríkisins. Ríkið gerir það að skilyrði fyrir veitingu stofnframlags að Reykjavíkurborg hafi veitt samþykki sitt fyrir veitingu stofnframlags, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga um almennar íbúðir.


Heimilt er að setja það skilyrði að stofnframlag verði endurgreitt þegar lán sem tekin eru í upphafi vegna framkvæmda eða kaupa á húsnæði hafa verið greidd upp, sbr. 8. mgr. 11. gr. laga um almennar íbúðir. Gert er ráð fyrir að kvöðum um stofnframlag Reykjavíkurborgar verði þinglýst á leiguíbúðirnar þegar stofnframlag hefur verið samþykkt og mun Íbúðalánasjóður annast gerð og þinglýsingu þeirra.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:  
Deiliskipulagsuppdráttur



- SKÝRINGAR:
- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
  - Lóðamörk
  - Byggingarreitir
  - Byggingarreitir rofin, leiðbeinandi
  - Byggingarreitir kjallara og bílarkjallara
  - Bundin byggingarlína
  - Mænisstefna
  - Einhalla þak
  - Einhalla þak með lágmarkshalla
  - Núverandi byggingar
  - Fyrirhugaðar byggingar úr rammaskipulagi
  - Núverandi byggingar, má fjarlægja
  - Kvóð um gönguleið
  - Inn- og úrtæsla úr bílarkjallara, leiðbeinandi
  - Götur
  - Upphækkao yfirborð
  - Göngustígur
  - Hjólástígur
  - Bílastæði
  - Hjólástæði, leiðbeinandi
  - Djúpálmur (endurvinnsla)
  - Spennustöðvar
  - Leiksvæði
  - Áfangastaður
  - Kennileiti
  - Gróður, leiðbeinandi
  - Vatnsrás í götu
  - Regngarðar, leiðbeinandi
  - Votlendi
  - Strandgróður
  - Sjórvatn
  - Strandlína í AR



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030



Bryggjuhverfi vestur, svæði 4  
Deiliskipulagsuppráttur

Kortagrunnur: LUKR  
Málkvæði: 1:1000\_A1  
Áfangi: Deiliskipulag  
Dagsetning: 13.12.2017  
Útgáfa:  
Tilfærsla: 1 of 3



TILLAGA TIL KYNNINGAR